



HUGMYNDA
ÞORP



NÝSKÖPUNAR-

FERÐALAG

UM

NORÐURLAND

NÝSKÖPUNAVIKAN Á NORÐURLANDI



Nýsköpunarvikan fór fram dagana 26. maí til 2. júní 2021. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin en í fyrsta sinn sem landshlutasamtökin SSNV og SSNE taka þátt.

Þessi skýrsla er samantekt er um hvernig undirbúningur og framkvæmd gekk. Einnig um samstarf við Nýsköpunarvikuna og upplifun starfsmanna varðandi þátttöku.

Í heildina var upplifunin jákvæð, starfsfólk SSNE og SSNV telur þátttökuna í nýsköpunarvikunni hafa skilað almennt betri vitneskju um nýsköpun á svæðinu þó svo að ekki hafi tölulegar mælingar farið fram á því fyrir og eftir viku. Þó má segja að miðað við þau hundruðir áhorfa sem myndbönd hafa fengið að það þetta er að skila sér hvað varðar vitund íbúa um þessi mál. Þetta ýtti á það að vinna kynningarefni um nýsköpun á svæðunum og virkjaði starfsfólk vel í kringum þennan málaflokk.

Framleidd voru í heildina 15 myndbönd sem lifa áfram sem kynningarefni, hádegisstreymi með kynningum á verkefnum og kynningar á frumkvöðlasetrum. Einnig voru gerð tvö myndbönd sem voru kynningar á Nýsköpunarferðalagi og Hugmyndaporpi.

Eins og sjá má í skýrslunni má betur gera en það er það góða við að hafa tekið þátt, nú vitum við það og hægt að meta betur hvað verður gert að ári.

SSNE og SSNV stóðu fyrir þremur viðburðum í Nýsköpunarvikunni dagana 26. maí til 2. júní 2021. Öll dagskráin gekk undir heitinu “Nýsköpun á Norðurlandi” og var streymt á Facebook síðunni „Nýsköpun á Norðurlandi“, facebook síðum SSNV og SSNE og á síðu Nýsköpunarvikunnar

  NÝSKÖPUNAR HÁDEGI Á NORÐURLANDI	
DAGLEGT HÁDEGISSTREYMI Í NÝSKÖPUNARVIKUNNI KL. 12:00-12:30 Á FACEBOOK	
NÝSKÖPUN Á NORÐURLANDI MIÐVIKUDAGUR 26. MAÍ Kolfinna Kristínardóttir SSNV Silja Jóhannesdóttir SSNE Elva Gunnlaugsdóttir SSNE	NÝSKÖPUN Í FERÐAÞJÓNUSTU FIMMTUDAGUR 27. MAÍ Daníel Smáráson og Bergrós Guðbjartsdóttir Kálverid Sigurður Hauksson Skíðasvæði Tindastóls
NÝSKÖPUN Í MENNTAMÁLUM FÖSTUDAGUR 28. MAÍ Lára Stefánsdóttir MTR Kristrún Lind Birgisdóttir Trappa Ingvi Hrannar Ómarsson Árskóli	NÝSKÖPUN Í MENNINGARMÁLUM MÁNUDAGUR 31. MAÍ Áskell Heiðar Ásgeirsson 1238: The battle of Iceland Þuríður Helga Kristjánsdóttir Menningarfélag Akureyrar
NÝSKÖPUN Í HÖNNUN ÞRIÐJUDAGUR 1. JÚNÍ Guðríður Baldvinsdóttir Mórúnir Þórey Edda Visthönnun	NÝSKÖPUN Í MATVÆLAFRAMLEIÐSLU MIÐVIKUDAGUR 2. JÚNÍ Elínborg Erla Ásgeirsdóttir Breiðargerði Einar Örn Adalsteinsson Kaffi Kú

Nýsköpun á Norðurlandi – Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá SSNE og Kolfinna Kristínardóttir, verkefnastjóri hjá SSNV sögðu frá Nýsköpunarvikunni, nýsköpun á Norðurlandi og stuðningsumhverfi frumkvöðla. Sesselja Barðdal Reynisdóttir mætti einnig og sagði frá starfsemi Eims.

Nýsköpun í matvælaframleiðslu – Einar hjá Kaffi Kú sagði frá Matarstíg Helga Magra og deilieldhúsi sem verið að reyna að koma upp í Eyjafjarðarsveit. Elínborg Erla frá Breiðargerði mætti einnig í streymi og sagði frá þeirri uppbyggingu sem hefur verið hjá henni í grænmetisræktun og fullvinnsla afurða.

Nýsköpun í hönnun – Þórey Edda frá Visthönnun kom og sagði frá sínu fyrirtæki sem er að komast á laggirnar og mun aðstoða byggingaraðila við að gera byggingar vistvænar. Guðríður hjá Mórúnum sagði svo frá litun á garni en hún nýtir íslenskar jurtir og fleira til þess.

Nýsköpun í menningarmálum – Þuríður hjá Menningarfélagi Akureyrar sagði frá verkefni hjá þeim sem felst í aðstöðusköpun fyrir upptökur á verkum sem getur höndlað stór verkefni og hafa ófá verkefnin hjá þeim verið erlendir aðilar að nýta sér aðstöðuna. Áskell Heiðar hjá sýningunni 1238 mætti einnig í streymi og lýsti því hvernig sýndarveruleiki er nýttur til að endurskapa Örlygsstaðabardaga.

Nýsköpun í menntamálum – Kristrún Lind hjá Ásgarði sagði frá Skóla í skýjunum, Ingvi Hrannar frá Árskóla lýsti því hvernig sýndarveruleiki er nýttur í kennslu hjá þeim og Lára hjá Menntaskólanum á Tröllaskaga sagði frá fjarnámi og nýjum kennslubrautum hjá þeim sem m.a. felast í rafíþróttabraut.

Nýsköpun í ferðaþjónustu – Daníel og Bergrós frá Hótel Akureyri mættu í streymi og sögðu frá uppbyggingarhugmyndum sem felast í ræktun samhliða hótelrekstri og þannig öðruvísi nýtingu á auðlindastraumum. Sigurður Hauksson frá Skíðasvæði Tindastóls sagði svo frá uppbyggingunni þar og hvert þau stefna varðandi framtíðina á svæðinu.



Viðburður númer tvö var Nýsköpunarferðalag á Norðurlandi það sem farið var rafrænt ferðalag í opin hús í frumkvöðlasetrum á Norðurlandi. Kynnt var starfsemi aðila í stuðningssumhverfi frumkvöðla á svæðinu og ljósinu beint að nýsköpun sem nú þegar er gangi á Norðurlandi. Heimsótt voru Gígur í Mývatnssveit, Matarsmiðjan á Laugum, Hraðið á Húsavík, Matís og FabLab á Akureyri, FabLab á Sauðárkróki, Biopol á Skagaströnd, Textílmíðstöðin á Blönduósi og Útibúið á Hvammstanga.

Í þriðja lagi var haldinn Hugmyndasamkeppni í Hugmyndabörpi Norðurlands, þar sem leitast var eftir hugmyndum um hvernig hægt væri að auka og hvetja til fullvinnslu afurða. Keppnin fór fram í gegnum Hugmyndabörp sem er hannað af Austan mána til að koma með hagnýtar og frumlegar hugmyndir út frá viðfangsefninu. Fullvinnsla afurða er sameiginlegt markmið sóknaráætlana landshlutasamtakanna á Norðurlandi, SSNE og SSNV. Íbúar í þorpinu komu víðsvegar að af landinu því það eru engin landamæri í Hugmyndabörpinu.

Fengnir voru þrír dómarar til að meta bestu hugmyndina og hlutskörpust varð hugmyndin um Betri nýtingu á nautsskrokkum en hana átti Dagný Guðmundsdóttir myndlistamaður. Dómarar voru Hildur Magnúsdóttir hjá Pure Natura, Jón Garðar Steingrímsson hjá Genís og Sveinn Margeirsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps og verkefnastjóri Nýsköpun í Norðri. Í verðlaun var upplifun á Húsavík sem samanstóð af hvalaskoðun, gistingu og veitingum. Þá fengu einnig verðlaun virkasti þátttakandinn og sú hugmynd sem fékk mest viðbrögð frá íbúum í Hugmyndbörpinu.



Einnig var í gangi Matarboðið þar sem frumkvöðlar í matvælaræktun pöruðu sig saman við veitingastaði í þróun á nýjum réttum. Svæði SSNV og SSNE tengdust vel í þessu verkefni því R-rababari, matvælaframleiðandi frá Svalbarðseyri tengdi sig við veitingastaðinn Sjávarborg á Hvammstanga. Úr því samstarfi varð til nýr réttur sem mögulega mun lifa áfram á matseðli veitingastaðarins.

Jákvæða hliðin

Samstarf SSNE og SSNV var gott og mikilvægt því þá var hægt að nýta styrkleika starfsfólks betur. Dreifing þátttakenda og kynningar á verkefnum voru dreifðar um svæðið og með fjartækninni var öllum gefið aðgengi að vikunni. Það sést vel í lýsingunni fyrir ofan hversu dreifðir aðilarnir voru sem komu að þessu og ótrúlega gaman hversu mikil jákvæðni var í garð þess að vera með í vikunni. Áhorf á streymi var lítið en upptökurnar voru aðgengilegar eftir streymi og þá horfðu allt að 300 manns á upptöku. Það sem var einnig eftirtektarvert var þátttaka í Hugmyndaporpinu en á tímabili voru tugir íbúa að leggja inn hugmyndir og gefa endurgjöf en þessi vettvangur er aðgengilegur og gefur hverjum sem er vettvang til að koma sinni hugmynd á framfæri og taka þátt í rauntíma í nýsköpun. Nýsköpunarferðalagið heppnaðist ótrúlega vel og sett fram á afar sjónrænan hátt. Þar var líka búið til myndefni sem nýtist áfram og hægt að nota í kynningar í einhvern tíma. Líka hægt að byggja á og skapa meira efni, SSNV og SSNE eiga myndböndin sem búin voru til. SSNV bjó til sín eigin myndbönd en SSNE fékk N4 til að búa til sitt efni. Hádegisstreymin voru áhugaverð og hafa vakið athygli en starfsfólk hefur fengið fyrirspurnir í kjölfarið og þar sem myndböndin lifa áfram er þetta áframhaldandi kynning fyrir verkefni á svæðinu. Nýsköpun á norðurlandi - gerði ímynd norðurlands sem nýsköpunarsvæðis sterkari að mati starfsfólks.

Hvað má bæta?

Landshlutasamtökin SSNV og SSNE tóku í fyrsta sinn þátt í Nýsköpunarvikunni vorið 2021. Það er margt sem fór vel en einnig margt sem má bæta og læra af.

- **Tæknimál**
- **Hugmyndaþorpið**

Þó svo að í heildina hafi þátttaka í Hugmyndaþorpinu verið góð hefði verið gaman að sjá enn fleiri taka þátt. Það má spyrja sig hvort þorpið hafi verið of flókið fyrir hinn almenna notanda og það fælt frá. Það vantaði leiðbeiningar inn á þorpinu sjálfu en kynningarmyndband var aðgengilegt á heimsíðum samtakanna.

Samspil streymisveitna og Facebook reyndist mikill höfuðverkur. Þó svo starfsfólk SSNV og SSNE færi tímanlega í að skoða þessi mál og útfæra þá hefði verkefnastjórn Nýsköpunarvikkunnar mátt vera fyrr á ferðinni með lausnir í þessum málum. Starfsfólk lagði upp með að streymið færi fram í gegnum samskiptaforritið Zoom og þar streymt í beina útsendingu á Facebook. Það reyndist þrautinni þyngri vegna þess að streymið náði ekki tengingu við viðburðinn sjálfan og streymdist aðeins inn á Facebook síður samtakanna. Með þessu móti var ekki hægt að fá fyrirfram embed kóða og þess vegna ekki hægt að þiggja boð Nýsköpunarvikkunnar um að streyma ferðapjónustu viðburðinum á Vísi.is. Eins var ekki hægt að horfa á viðburðina beint í gegnum ráðstefnuvef Advania. Það þarf að læra betur inn á streymismálin og nota aðra leiðir, til að mynda YouTube. Það hefði verið hægðarleikur ef upplýsingar um þessar aðferðir hefðu legið fyrir fyrr í ferlinu.

Það hefði mátt gera streymisviðburðunum hærra undir höfði með betri gæðum. Útbúa ákveðna bakgrunna eða lógo fyrir þá sem leiddu viðburðina. Einnig passa upp á gæði vefmyndavélanna og hljóðs. Undirstrika við þátttakendur/viðmælendur til að vera með hljóðnema, góða nettengingu og þess háttar.

- **Tímalína**
- **Matarboðið**

Matarboðið samanstóð af samstarfi matarfrumkvöðuls af Norðurlandi eystra við veitingastað á Hvammstanga. Það hefði verið óskandi að fá fleiri samstörf og jafnvel út fyrir Norðurland en illa gekk að fá þátttakendur, þ.e. matarfrumkvöðla og veitingastaði. Hefði mátt kynna Matarboðið betur fyrir þeim og hvetja til þátttöku. Einnig hefði mátt markaðsetja betur það samstarf sem náðist.

Skoða þarf hvaða tímasetningar henta best fyrir streymisviðburði. Tiltölulega fáir horfðu á streymin í beinni útsendingu og má velta fyrir sér hvort viðburðirnir hefðu fengið fleiri áhorf ef þeir hefðu verið á öðrum tíma, þ.e. ekki þegar fólk er í hádegismat. Nýsköpunarferðalagið var á föstudagseftirmiðdegi og fékk fæstar spilanir af öllum viðburðum, það má velta fyrir sér hvort annar tími hefði hentar betur. Hægt væri að skoða rannsóknir og töluleg gögn um slík áhorf og ákveða út frá því. Ákveðið var að hafa streymi upp á ef það bærust spurningar í gegnum vefmiðlana en þær voru engar í rauntíma svo það má líka skoða hvort taka eigi frekar upp myndbönd sem eru sett af stað á ákveðnum tímum í stað þess að vera með viðmælendur í rauntíma.

Streymin voru alls átta í Nýsköpunarvikunni og var áhorfið aðeins misjafnt en þegar þetta er skrifað var það eftirfarandi:

Nýsköpun í matvælaframleiðslu 165 áhorf
Nýsköpun í hönnun 100 áhorf
Nýsköpun í menningarmálum 130 áhorf
Nýsköpun í menntamálum 230 áhorf
Nýsköpun í ferðaþjónustu 138 áhorf
Nýsköpun á Norðurlandi 293 áhorf
Hugmyndaþorpið Norðurland 214 áhorf
Nýsköpunarferðalag á Norðurlandi 116 áhorf



Fjölmiðlaumfjöllun og dreifing

Umfjöllun um Nýsköpun á Norðurlandi var mikil á heimasíðum félagsins og Facebook síðum í aðdraganda vikunna og á meðan vikunni stóð. Allt markaðsefni var búið til innan félaganna og Canva nýtt í það.

Umfjöllun var í föstudagsþætti N4 21. maí um Nýsköpunarvikuna þar sem verkefnastjórar SSNE og SSNV kynntu dagskrána. Einnig birtist grein í Vikublaðinu þar sem vikan var kynnt 20. maí.

Aðkoma Nýsköpunarvikunnar

Á bakvið Nýsköpunarvikuna var frábært teymi. Við fengum umfjöllun á samfélagsmiðlunum þeirra, heimasíðu og við vorum nefnd í opnunarræðu og í útvarpsviðtali. Í heildina vorum við ánægðar með þá umfjöllun sem við fengum. Teymið fylgdist með öllum viðburðunum okkar og létu okkur vita þegar tæknimálin létu illa. Þau voru þó ekki með neinar lausnir fyrir okkur og enga aðstoð. Í sameiningu var komist að niðurstöðu í tæknimálum þar sem þau uppfærðu ráðstefnuvettvanginn hjá sér fyrir hvern viðburð. Þau voru liðleg varðandi viðburðadagatalið hjá þeim þar sem við gerðum ýmsar breytingar á síðustu stundu.

Í heildina var aðkoma Nýsköpunarvikunnar varðandi markaðsmál lítil, þess má þó geta að okkur stóð til boða að kaupa umfjöllun í Fréttablaðinu. Einnig fengum við póst vegna umfjöllunar á Hringbraut og leituðumst við eftir því beint en það skilaði sér ekki. Ef tekið yrði þátt aftur þá þyrfti það vera ljóst miðlun að einhver umfjöllun þarf að vera annars staðar frá en höfuðborgarsvæðinu. Þó var stuðningur á öðruleyti til staðar þegar þess var óskað.

Þátttökugjald Matarboðsins var innifalið í gjaldinu sem landshlutasamtökin höfðu greitt og vorum við ánægðar með það. Það var mikilvægt að geta boðið matarfrumkvöðlum og veitingastöðum á Norðurlandi að taka þátt, þeim að kostnaðarlausu.